

aðalefnið og málskostnaðinn í héraði og staðfesta dóm-
þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi
ber áfrýjendum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýj-
endurnir Stefán Th. Jónsson, Þórarinn Guðmunds-
son, Sigurður Jónsson og Jón Stefánsson greiði
stefnda Páli Guttormssyni fyrir hönd Árna Sigurðs-
sonar í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember.

Nr. 42/1913.

Réttvísinn

gegn

Magnúsi Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta er að boði Stjórnarráðs Íslands höfðað í
héraði gegn Magnúsi Torfasyni, sýslumanni í Ísafjarðar-
sýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir brot gegn 102. gr.
hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og var dæmt
í aukarétti Barðastrandarsýslu 2. júní þ. á. af Guðmundi
Björnssyni sýslumanni í Barðastrandarsýslu sem setu-

dómara, með þeim úrslitum, að ákærði skyldi greiða 300 kr. sekt í landssjóð eða sæta 60 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki væri greidd á réttum tíma, og greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum hefir samkvæmt ósk ákærða verið skotið til yfirdómsins. Hefir Stjórnarráðið með þremur bréfum, dags. 20. ágúst þ. á., skipað borgarstjóra Pál Einarsson í Reykjavík sem dómstjóra, sýslumann og bæjarfógeta Magnús Jónsson í Hafnarfirði sem 1. meðdómanda og prófessor í lögum Einar Arnórsson í Reykjavík sem 2. meðdómanda, til þess að fara með málið og dæma það, í stað hinna reglulegu dómenda í landsyfirréttnum.

Í einkamáli, sem ákærður átti í við mann á Ísafirði, og flutt var fyrir yfirdómi, lét ákærði leggja fram á sína ábyrgð í yfirréttnum skjal, dags. 23. júní f. á., er hann sjálfur hefir samið og undirskrifað. Er þess þar farið á leit, að allir dómamarar yfirréttarins víki ex officio sæti í málinu. Svo sem til að rökstyðja kröfu þessa gerir ákærði að umtalsefni dóm, er landsyfirrétturninn hafði kveðið upp í sakamáli 3. maí 1908 og breytt dómi í því máli, er ákærði hafði dæmt í héraði. Hefir ákærði í þessu sambandi meðal annars komist svo að orði, að hann þykist að óverðskulduðu hafa orðið fyrir aðkasti hjá yfirdómi síðustu árin, að sig hafi grunað, að hann væri persóna ingrata, og fengið fulla vissu fyrir að svo væri, að sig hafi furðað mjög á nefndum landsyfirrétardómi, er gerði bæði að stikla sem varlegast á misgerðum sakbornings og áfellast sig, og um orð, er landsyfirrétturn hafi dæmt í sekt fyrir sem ósæmilegan rithátt, segir ákærður, að engum skynbærum manni muni koma til hugar, að telja þau út af fyrir sig ósæmilegan rithátt.

Með nefndu skjali lagði ákærði ennfremur fram í yfirréttinum blaðið »Þjóðólfur« 26. maí 1905, en í þessu blaði er gagnrýndur dómur, er landsyfirréttur hafði kveðið upp 22. ágústmánaðar 1904, og átti ekkert skylt við mál ákærðs, sem fyr er nefnt, og er í blaði þessu farið ýms-um óvirðingarorðum sérstaklega um einn yfirdómaranna. Bætir ákærði í fyrgreindu réttarskjali sínu 23. júní f. á. við þeirri útlistun frá sjálfum sér á ummælum greinarinnar, að þar sé dróttað meinsæri að háyfirdómaranum (þ. e. þá settum háyfirdómara) svo berlega, að ekkert barnið fær misskilið.

Loks hefir ákærði í sama máli látið leggja fram í yfirdómi athugasemdir, er hann hafði ritað 30. júní 1911 og birt á prenti, við dóm, er landsyfirréttur hafði kveðið upp 8. maí 1911. Er í athugasemdum þessum meðal annars komist svo að orði um ályktun yfirréttarins í málinu: »En út frá því ætti að mega ganga, að yfirdómurinn hafi ekki athugað, hve ósvífin hún er í garð heilbrigðisnefndar« . . . »á hún (þ. e. heilbrigðisnefndin) vísvitandi að hafa drýgt lagabrot, sýnt hreinan og beinan fantaskap« . . . »T. d. mundi jafnvel yfirdómurinn ekki hafa kunnað við slíkan haug hjá flaggstönginni á Stjórnarráðsblettinum« . . . »nema svo sé, að alt sé gott handa rakkarapakkinu á Ísafirði og þar megi alt fljóta í skít og haugum« . . . »með því hefir yfirdómurinn *væð* inn á starfssvið umboðsvaldsins« . . . »dróttar yfirdómurinn því að heilbrigðisnefnd, að hún annaðhvort hafi vottað það, sem hún ekki vissi og ekki hafði athugað eða hreint og beint lagið því upp«.

Í yfirréttardóminum 8. maí 1911 verður ekki fundið neitt, er gefi ákærða tilefni til þessara ummæla, né

heldur er neitt það fram komið í máli þessu, er bendi til þess, að yfirrétturinn sem slíkur eða einstakir dómendur hans hafi gefið ákærða nokkra átyllu til að viðhafa orð þau og ummæli, sem að framan eru tilgreind og öll eru móðgandi og meiðandi.

Eins og sagt hefir verið, hefir ákærði viðhaft hin móðgandi og meiðandi ummæli út af embættisverkum yfirréttarins og sett þau fram í skjölum, sem hann hefir látið leggja fram á sína ábyrgð í máli, er flutt var fyrir yfirdómi, og er því afbrot ákærða af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 102. gr. hinna almennu hegningarlaga. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot. Þykir hegning sú, er hann hefir til unnið, eftir atvikum málsins hæfilega ákveðin 400 króna sekt, er renni í landssjóð, en ef sektin er ekki greidd innan ákveðins tíma, sæti ákærði 90 daga einföldu fangelsi. Svo ber og ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Það er vitavert, að héraðsdómari hefir ekki rannsakað öll þau afbrot, sem bréf yfirdómsins til Stjórnarráðs Íslands, dags. 13. jan. þ. á., gefur ástæðu til að ætla, að ákærði hafi gert sig sekan í. Rannsókn málsins er einnig að öðru leyti ófullkomin, og sömuleiðis þykir það ekki rétt, að málið hefir verið dæmt fyrir aukarétti Barðastrandarsýslu, en ekki aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar. Ennfremur er það athugavert, að héraðsdómari hefir sett terminus executionis í dóm sinn og hvorki útvegað skír-

arvottorð né hegningarvottorð ákærða. En þar sem meðferð málsins í héraði hefir að öðru leyti verið lögmæt, og málinu eigi áfrýjað af hálfu réttvísinnar, þykir ekki vera alveg næg ástæða til að ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað aftur fyrir þessar sakir.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Magnús Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, greiði 400 króna sekt í landssjóð, en sé sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, sæti hann 90 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.